

115
22. okt.

Reglugjörð

um forðagæslu í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, eftir tillögum hreppsnefndar. Skulu þeir hafa gát á heybirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsþúa, og meðferð þeirra á búpeningi.

2. gr.

Sju forðagæslumenn fleiri en einn í hreppi, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæslu umdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

3. gr.

Forðagæslumenn skulu kosnir samkvæmt fyrirmælum í 2. gr. laga um forðagæslu 10. nóvember 1913.

4. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili í hans umdæmi. Fyrri skoðun skal fara fram á tímabilinu frá 1. til 30. nóv., og síðari skoðun á tímabilinu frá 1. til 20. mars.

5. gr.

Skepnuhöld að vorinu skulu forðagæslumenn kynna sjer í maímánuði í fjárrjettum eða á annan hagkvæman hátt, og um fardagaleytið skulu þeir kynna sjer heyfyrningar. Þó er eigi skylt að þeir geri sjer ferðir til þessa, heldur afi sjer upplýsinga á þann hátt, sem best hentar, eftir umsögn kunnugra manna og bænda sjálfra.

6. gr.

Í fyrri skoðuninni skulu forðagæslumenn afla sjer nákvæmrar vitneskju um heymagn og aðrar fóðurbirgðir. Jafnframt því skulu þeir fá skýrslu um tölu gripa þeirra, sem á heyin verða sett, og gæta þess að þeim sje ætlað nægilegt húsrúm; og skulu þeir að öllu þessu athuguðu, láta uppi álit sitt um það við bónda, hvort skynsamlega er sett á, og gefa bendingar er þurfa þykir.

7. gr.

115
22. okt.

Í seinni skoðuninni skulu forðagæslumenn rannsaka allar fódurbirgðir á heimili hverju og ástand búpenings. Ef fódurbirgðir álitast ekki nægar eða skepnur í slæmu standi, skulu forðagæslumenn gefa holl ráð, svo sem með því að hvetja búanda til að afla sjer fódurbirgða í tæka tíð, eða fækka af fódrum, eða gefa leiðbeiningar um bætta hirðingu.

8. gr.

Forðagæslumenn skulu gera skýrslu um hverja skoðun, og færa inn í hin- ar löggiltu bækur sínar. Skal við hverja skoðun skrá fódurbirgðir, tölu og ástand búpenings, og annað er í ljós kemur við skoðun. Aðalskýrslu skulu þeir semja eftir bókunum upp úr fardögum, er sendist sýslumanni.

9. gr.

Alt, sem í forðagæslubók hefir verið skráð yfir árið, skulu forðagæslumenn lesa upp á vorhreppaskilum.

10. gr.

Að því leyti sem reglugjörð þessi eigi ákveður, skulu forðagæslumenn fara eftir því sem lög um forðagæsla frá 10. maí 1913 fyrirskipa.

Reglugjörð þessi gildir að eins til eins árs.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. október 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.